

Þriðjudaginn 21. febrúar 2023 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í fjarfundi og hófst hann kl.15:00.

Mætt voru: Einar Jón Geirsson, Jón Egill Jóhannsson, Skúli Guðbjörnsson, Ragnheiður Pálsdóttir og Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Einnig sátu fundinn Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar og Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnaði fundi.

### **1. Uppgjör vegna Bakkahvamms 8a-c**

Búið er að ganga frá kaupsamningi Brákar hses. á íbúðum að Bakkahvammi 8a-c. Eftir að ganga þó frá nokkrum pappírnum s.s. afsali á núverandi leigusamningum og tryggingum.

Formanni falið að ganga frá og undirrita þá pappíra sem eftir eru.

*Samþykkt.*

### **2. Staða framkvæmda að Bakkahvammi 15**

Erindi barst frá verktökum þar sem farið var fyrir framkvæmdir hingað til. Erindinu hefur verið svarað og beðið eftir viðbrögðum verktaka.

Formanni falið að funda með verktökum ásamt sveitarstjóra og verkefnastjóra.

*Samþykkt.*

### **3. Yfirtaka Brákar hses. á Bakkahvammi hses.**

Áfram unnið í þá átt að allar eignir Bakkahvamms hses. verði eignir Brákar hses. Næstu skref verða tekin þegar íbúðir að Bakkahvammi 15 eru tilbúnar.

Stjórn Bakkahvamms hses. vill halda því til haga að áfram verði haldið með frekari uppbyggingu í samræmi við viljrði fyrir stofnframlagi fram í tímann.

Formanni falið að vinna áfram að málinu.

*Samþykkt.*

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:27